

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Ár 2018, mánudaginn 22. október, var haldinn 6. fundur menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsinu og hófst kl. 13:30. Viðstödd voru: Pawel Bartoszek, Hjalmar Sveinsson, Sabine Leskopf, Elín Oddný Sigurðardóttir, Katrín Atladóttir, Björn Gíslason og Baldur Borgbórsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Huld Ingimarsdóttir, Inga María Leifsdóttir, Ómar Einarsson og Steinnþór Einarsson. Fundarritari var Helga Björnsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á hátíðarhöldum vegna fullveldisafmælisins. RMF17120004
Kolbrún Halldórsdóttir, verkefnisstjóri fullveldishátíðar 1. desember, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Lagt til að Sif Sigmarsdóttir verður formaður dómnefndar vegna bókmennaverðlauna Tómasar Guðmundssonar. RMF18090006
Samþykkt.
3. Lagt fram bréf Íþróttabandalags Reykjavíkur, dags. 1. okt. 2018, þar sem tilkynnt er að Ingvar Sverrisson verði áheyrnarfulltrúi ÍBR á fundum menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs og Frimann Ari Ferdinandsson til vara.
- Kl. 13:50 tekur Ingvar Sverrisson áheyrnarfulltrúi ÍBR sæti á fundinum.
4. Lagt fram bréf nefndar skóla- og frístundasviðs og Íþróttabandalags Reykjavíkur, dags. 11. október 2018, um frístundaakstur.
Samþykkt að óska eftir kynningu á frístundaakstrinum.
5. Lagt fram bréf Frisbígolffélags Reykjavíkur, dags. 24. sept. 2018, vegna aðstöðu félagsins og starfsemi í Leirdal.
Vísað til meðferðar sviðsstjóra íþrótt- og tómstundasviðs.
6. Lagt fram minnisblað vinnuhóps um mannréttindi í íþróttum frá 21. sept. 2018 ásamt niðurstöðum og tillögum vinnuhópsins frá 24. maí 2018.
Samþykkt að vinnuhópurinn starfi áfram tímabilið 2018-2019.
- Kl. 14:38 tekur Arna Schram sæti á fundinum og Huld Ingimarsdóttir vikur af fundi.
- Kl. 15:02 vikur Ingvar Sverrisson af fundi.

Menningar- og íþrótt- og tómstundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Ráðið leggur áherslu á að vinna við þátttöku barna af erlendum uppruna einskorðist ekki við kynningarmál heldur verði einnig litið menningarlegra og efnahagslegra þátta, samstarfs við foreldra, og rýnt hvort eitthvað í móttöku barna af erlendum uppruna mætti betur fara.

7. Fram fer umræða um gjaldskrár 2019.
8. Fram fer umræða um húsnæðismál Hins Hússins.
9. Fram fer umræða um tjaldstæðismál í Laugardal.

Fundi slitið kl. 15:24

Pawel Bartoszek

Hjalmar Sveinsson
Elín Oddný Sigurðardóttir
Björn Gíslason

Sabine Leskopf
Katrín Atladóttir
Baldur Borgbórsson